

# Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2018-2022

7. fundur 15. apríl 2021 klukkan 15.00, haldinn í fjarfundi,  
vísað er í lögmati fundarins samkvæmt heimild í auglýsingu ráðherra.

## Mættir nefndarmenn:

Grýtubakkahreppur: Pröstur Friðfinnsson, Margrét Melstað

Svalbarðsstrandarhreppur: Björg Erlingsdóttir

Eyjafjarðarsveit: Jón Stefánsson, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir

Akureyri: Þórhallur Jónsson, Halla Björk Reynisdóttir

Hörgársveit: Snorri Finnlaugsson, Jón Þór Benediktsson

Dalvíkurbyggð: Íris Helga Ingólfssdóttir

Fjallabyggð: Ármann V. Sigurðsson

## Nefndarmenn sem boðuðu forföll:

**Haukur Gunnarsson, Ásthildur Sturludóttir.**

## Aðrir mættir:

*Finnur Yngvi Kristvinsson sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð, Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúi Eyjafjarðar (Grýt, Svalb, Esveit og Hörg) Elva Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð.*

## Fundur settur kl. 15.00

### 1. Baðstaður við Ytri-Varðgjá, deiliskipulagstillaga.

Vigfús kynnti breytingu á deiluskipulagi Eyjafjarðarsveitar í landi Ytri-Vargjár þar sem byggja á baðstað.

Bókun: Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

### 2. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar, breyting – Hrafnagilshverfi.

Vigfús kynnti tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar.

Bókun: Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

### 3. Leifshús, sælureitur á Svalbarðsströnd, skipulagslýsing.

Vigfús kynnir áform um nýlendugarða, þarna verður garðrækt en ekki hefðbundin frísundabyggð.

Bókun: Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

### 4. Bréf frá Skipulagsstofnun, svar vegna umsagnar um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Bréfið er lagt fram til kynningar

### 5. Framtíð svæðisskipulags, framhald umræðu um skipulagsmál á „Eyþingssvæði“.

Svæðisskipulag verður til umræðu á ársþingi SSNE á morgun. Velt var upp hvort halda eigi starfsemi Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar óbreyttri eða útvíkka yfir allt starfssvæði SSNE? Góð umræða átti sér stað og mörg sjónarmið komu fram.

### 6. Önnur mál.

Önnur mál voru ekki rædd.

## Fundi slitið kl. 15.44